



Hafnarnefndarfundur

Þriðjudaginn 16. mars 2010 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 20.30. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Árni Sigurðsson, Sævar Hallgrímsson, Gunnar Sveinsson, Jóhann Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Formaður, Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál hafnarinnar

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir rekstur hafnarsjóðs árið 2009 og fjárhagsáætlun 2010. Hafnarnefnd yfirfór fyrirbyggjandi gögn bæði áætlaða niðurstöðu ársins 2009 og fjárhagsáætlun 2010. Fjármál hafnarinnar voru rædd og gerðar ýmsar fyrirspurnir og athugasemdir en fjárhagsáætlunin var síðan afgreidd.

2. Vigtarhús

Fyrir fundinum lágu teikningar og húslýsing vegna húss við hafnarvog ásamt kostnaðarmati. Teikningarnar voru unnar af Arkitektastofunni Form. Heildarstærð hússins er 36 m² og áætlað að það verði byggt úr timbri en veggir klæddir utan með sléttum plastkjarnaplötum.

Hafnarnefnd yfirfór teikningar og tillögur en þeim hafði verið vísað til nefndarinnar á síðasta fundi sveitarstjórnar. Umræður urðu um bygginguna en ekki voru gerðar athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu að vigtarhúsi.

3. Gjaldskrá hafnarinnar.

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að breytingum á gjaldskrá hafnarinnar. Hafnarnefnd ræddi tillöguna og gerði á henni nokkrar breytingar en hún var síðan samþykkt með áorðnum breytingum.

4. Önnur mál.

Ýmis mál voru rædd undir þessum lið en ekki gerðar ályktanir.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 22.15

Adolf H. Berndsen,
Sævar Hallgrímsson,
Jóhann Sigurjónsson

Árni Sigurðsson,
Gunnar Sveinsson,
Magnús B. Jónsson,